

Innflytjendaráð
Félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2019

Meðfylgjandi eru hugmyndir og ábendingar Rauða krossins á Íslandi um mótun framkvæmdaáætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012.

Virðingarfyllst,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri.

FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í MÁLEFNUM INNFLYTJENDA 2020-2024: HUGMYNDIR OG ÁBENDINGAR RAUÐA KROSSINS.

Inngangur

Félags- og barnamálaráðherra hefur falið innflytjendaráði að vinna drög að þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2020-2024 samkvæmt lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skal í tillögunni kveða á um verkefni sem hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir einstaklingar geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Leitað er til aðila sem þekkja til stöðu innflytjenda og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og hugmyndum og er Rauði krossinn á Íslandi einn af þeim.

Fjölgun fólks af erlendum uppruna hefur verið mikil og hröð á síðustu árum og allt bendir til þess að sú fjölgun muni halda áfram á næstu árum. Hamfarahlýnun verður ekki síður til þess að auka á fjölda þeirra sem neyðast til að flýja sín upprunalönd og leita skjóls á nýjum stað. Sjónarmið mannúðar hvetja okkur til að taka vel á móti því fólki. Rauði krossinn fagnar öflugri vinnu við nýja áætlun, þakkar tækifæri til að skila inn hugmyndum þar að lútandi og býður fram krafta sína í virkara samráð og samvinnu á komandi tímabili.

Í þessari umsögn eru undirstrikuð þau atriði sem félagið telur sérstaklega mikilvæg í núverandi áætlun og að haldið verði áfram með og eins viðbætur sem félagið mælir með. Raunhæfar kostnaðargreiningar eru afar mikilvægar og að skýrt sé í upphafi hvernig og hver eigi að fjármagna hina ýmsu liði áætlunarinnar. Það er því ekki tilgreint sérstaklega undir þeim liðum sem við á.

Samfélagið

A1 - Einnig er þörf á því að skoða viðhorf meðal innflytjenda, til mismunandi hópa meðal þeirra. Það hefur m.a. gætt fórdóma og andstöðu í garð flóttafólks hjá ákveðnum hópum innflytjenda.

A4 - Æskilegt væri að tengja við B2 sem og aukna fræðslu um móttöku flóttafólks sérstaklega – sjá undir stoð E.

A5 - Þörf á að styrkja innflytjendur sjálfa til að stofna samtök um sín hagsmunamál. Þetta gæti fremur stuðlað að aukinni samfélagslegri og lýðræðislega þátttöku innflytjenda og aðkomu þeirra. Og gert málþing sem myndi stuðla að opinni umræðu að raunhæfari kosti.

Að auki er lagt til að:

1. Sambætt stefna til lengri tíma í málefnum innflytjenda verði mótuð á fyrri hluta þessa áætlunartímabils sem verði í framtíðinni grunnur að komandi framkvæmdaáætlunum. Það er mikilvægt að við stefnum að samfélagi með jöfnu aðgengi og jafnri þátttöku allra. Stefnuvinnan verði með sem víðtækustu samráði, sér í lagi við innflytjendur sjálfa. Stefnan skuli meðal annars fela í sér heildarnálgun um aðlögun og aðgengi innflytjenda að íslensku samfélagi. Mikilvægt er að tengja við framkvæmd hennar viðurkennda mælikvarða um aðlögun og aðgengi svo meta megi framvindu og úrbætur í gegnum reglulegar úttektir og eftirfylgni. Sjá sem dæmi undir stoð E. Einnig er mikilvægt að skýra hugtakanotkun um aðlögun/samfélagslega þátttöku á íslensku

(integration, inclusion o.s.frv) þannig að ljóst sé við hvað er átt og að við sem vinnum í þessum málaflokki deilum sameiginlegum skilningi og stefnum í sömu átt.

2. Aðgengi að upplýsingum verði stórkostlega bætt, meðal annars með upplýsingagátt á netinu á ýmsum tungumálum svo og að ráðgjafastofu innflytjenda verði komið á fót sem allra fyrst eins og þegar er samþykkt af Alþingi. Mögulega þarf einnig að huga að aðgengilegri fræðslu um ýmsar hliðar þess að koma inn í nýtt samfélag (rafræn skilríki, bankareikningar, tryggingar, osfrv).
3. Kortleggja og koma upp gagnabanka um þau tilboð/úrræði sem þegar eru til staðar og vista miðlægt s.s. hjá Fjölmenningssetri eða Ráðgjafastofu. Einnig er æskilegt að vista alls kyns efni miðlægt fyrir fagfólk að leita í, s.s. rannsóknir, skýrslur og annað.
4. Til viðbótar við kannanir á viðhorfum verði unnið markvisst gegn fordómum milli samfélagshópa, þróa tæki og tól til að vinna að samtali og byggja brýr milli hópa. Eins kemur æ betur í ljós nauðsyn þess að unnið sé gegn neikvæðu félagslegu taumhaldi (e. *negative social control*) meðal innflytjenda sem skerða réttindi og hindra félagslega þátttöku. Þetta síðastnefnda tengist einnig inn á stoð B.

Fjölskyldan

B2 – Þörf er á að gefa verulega í hvað þetta atriði varðar þannig að öll sveitarfélög geti tekið vel á móti nýjum íbúum af erlendum uppruna og séu vel undirbúin fyrir það. Sjá tengingu við A2.

B3 og B4 - RKÍ undirstrikar mikilvægi þessa sbr. hér að ofan. Æskilegt er að allir innflytjendur, ekki bara flóttafólk, hefðu aðgengi að staðgóðri samfélagsfræðslu. Vinnumálastofnun hefur nú verið falið að sjá um samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk (í samræmdri móttöku) sem sest hér að og þá starfsemi mætti mögulega útvíkka fyrir stærri hóp.

B6 – Afar mikilvægt að unnið sé markvisst að þessu áfram.

B7- Afar mikilvægt að unnið sé að þessu áfram og sjá einnig fyrir ofan um neikvætt félagslegt taumhald.

Að auki er lagt til að:

5. Nýjum íbúum landsins verði boðið upp nokkurs konar móttökuvíðtal við komuna „inn í kerfið“. Þar væri m.a. hægt að kortleggja þá menntun og reynslu sem fólk býr að og því leiðbeint um rangala kerfisins til að fá nám og reynslu metna til að nýta til fulls hæfileika sína. Þetta gæti virkað sem ein af skilvirkum leiðum til að koma í veg fyrir að innflytjendur festist í láglaunastörfum. Eins gæfu slík viðtöl mikilvægar upplýsingar um þann mannauð sem fyrirfinnst í landinu og vísbendingar um hvort samfélagið nýti hann sem skyldi. Sjá meðal annars <http://rettur.is/wp-content/uploads/2019/10/Jafnrétti-innflytjenda-á-atvinnumarkaði.pdf> Svona viðtöl gætu farið vel saman við starf Ráðgjafastofu innflytjenda eða Vinnumálastofnunar.

Menntun

C1 – C6 - Töluvert hefur verið fjallað um þau mál undanfarið sem falla hér undir og ýmis úrbótavinna í gangi. Vinna þarf áfram kröftuglega að úrbótum á þessum liðum þannig að innflytjendum bjóðist sömu tækifæri menntunar, að nýta menntun sína í starfi við hæfi og hafi sama aðgengi á vinnumarkaðnum og aðrir. Rauði krossinn hefur m.a. tekið saman stutta skýrslu um aðgengi að framhaldsskólum og frekara námi fyrir það flóttafólk sem leitar eftir þjónustu félagsins. Þar kemur fram að m.a. er ábótavant mögulegum námsleiðum, mati á námi, aðgengi að upplýsingum, íslenskunámi við hæfi og fjárhagslegu öryggi. Sjá nánar <https://www.raudikrossinn.is/media/auglysingar/The-Access-to-Education-for-Refugees-in-Iceland.pdf>

Að auki er lagt til að:

6. Sérstök aðgerð verði sett inn í áætlun sem fjallar um aðgengi að námi við hæfi, fyrir það fólk sem flytur hingað þegar það er á framhaldsskólaaldri eða eldra og það sem þarf til að tryggja að það sé virkt.

Vinumarkaður

D1 – D6 - Allt mikilvæg atriði ennþá sbr. nýlega skýrslu um jafnrétti innflytjenda á vinnumarkaði <http://rettur.is/wp-content/uploads/2019/10/Jafnrétti-innflytjenda-á-atvinnumarkaði.pdf> og tengjast mjög aðgerðum í menntunarstoðinni og því sem lagt er til í B stoð. Nauðsynlegt er að gera áfram reglulega kannanir sbr. D2.

Flóttafólk

Miklar væntingar eru bundnar við yfirstandandi vinnu við samræmt móttökukerfi fyrir allt flóttafólk, burtséð frá því hvernig það kemur til landsins (E1) sem og skilgreinda samræmda samfélagsfræðslu og íslenskukennslu sem Vinnumálastofnun mun sjá um.

Að auki er lagt til að:

7. Að skilgreindir mælikvarðar verði viðhafðir í móttökuverkefninu til að sjá hvernig fólki vegnar hér, s.s. varðandi atvinnuþátttöku, menntun, heilbrigði, húsnæði, andlega líðan, tómstundir, íslenskukunnáttu, félagslega þátttöku, þekkingu á réttindum/skyldum o.s.frv. Margar nágrannabjóðir okkar hafa verið að þróa slíkt s.s. Bretland, sjá https://assets.publishing.service.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/835573/home-office-indicators-of-integration-framework-2019-horr109.pdf
8. Athugað verði hvernig fólki vegnar hér eftir að eiginlegu móttökuverkefni lýkur. Þetta getur verið í formi lengri eftirfylgni með einstaklingum og reglubundnum úttektum sem byggt gætu á ofangreindum mælikvörðum. Niðurstöðurnar verði síðan notaðar sem einn liður í mótun heildrænnar stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks.
9. Um leið og ljóst er að nýtt samræmt móttökukerfi þarf tíma til að slípast til er einnig mikilvægt að það verði endurskoðað að ákveðnum tíma liðnum með samráði við alla hlutaðeigandi til að sníða af vankanta og bæta.
10. Að hugað verði að heildrænni nálgun á heilbrigði flóttafólks með tilliti til áfallastreituröskunar, líkamlegra einkenna og ofurálags vegna þeirra aðstæðna sem fólk hefur flúið, og fyrirbyggjandi aðgerðum hvað varðar heilbrigði og heilsuefningu almennt.
11. Í samræmi við atriði nefnd undir stoðum B, C og D verði meiri áhersla lögð á að flóttafólki standi til boða fjölbreytt menntun og atvinna sem tekur mið af menntun, áhugasviði og hæfni. Eins verði því fylgt betur eftir að aðrir möguleikar standi til boða þegar færni í íslensku hefur aukist.
12. Við endurskoðun lagaumhverfis verði athugað að almenn löggjöf og reglugerðir taki tillit til flóttafólks (t.d. rafræn skilríki, jöfnunarstyrkir til náms o.s.frv.). Sérstaklega er mikilvægt að ekki verði skertir möguleikar flóttafólks til fjölskyldusameininga frá því sem nú er enda sýna rannsóknir að þær stuðli að aukinni velferð og aðlögun þeirra sem hingað eru komnir.
13. Að lokum, til viðbótar við lið 3 undir stoð A sem á enn fremur við hér má bæta að samstarf milli aðila sem koma að móttöku sé eft til að fjármagn og þekking nýtist sem best.

Almennar athugasemdir

Rauði krossinn fagnar allri viðleitni til að bæta fjölmenningsamfélagið sem hér er fyrir og tekur undir þörf á heildarstefnumótun sem horfir til allra sviða samfélagsins. Æskilegt er að slík stefna hvíli á vel ígrundaðri framtíðarsýn til langs tíma sem stefnir að samfélagi jafnra tækifæra fyrir alla, þannig að ekki sé hætt á að hér mótist tvískipt samfélag, þar sem innflytjendur eru frekar í lægstu lögum samfélagsins og hafa minni möguleika á félagslegum hreyfanleika og að nýta til fulls menntun sína, færni og hæfileika. Samfélagið hefur einnig tæplega efni á að nýta ekki til fulls þann mannauð sem hér býr. Hugmyndastraumur vex ásmegin, sem vilja sporna við fólksflutningum til Evrópu og það sama á við hér á landi þó svo að á sama tíma kalli vinnumarkaðurinn eftir fleira fólki erlendis frá til að vinna þau margvíslegu störf sem innlent vinnuafli annar ekki. Því er mikil þörf á að hér fari fram meiri umræða á öllum sviðum samfélagsins, fræðsla og aðgerðir til að vinna að farsælli þróun mála og að tryggja til þess nauðsynlegt fjármagn og mannafla.

Rauði krossinn lýsir sig reiðubúinn að leggja áætlunarvinnunni lið eins og mögulegt er.